

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 99/2021

2024/EES/5/12

frá 19. mars 2021

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar
reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/1694 frá 11. nóvember 2020 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 168/2013 að því er varðar sértækar ráðstafanir í tengslum við „síðustu ökutæki gerðar“ í flokki L til að bregðast við COVID-19-heimsfaraldrinum ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við 46. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 168/2013) í I. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32020 R 1694**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/1694 frá 11. nóvember 2020 (Stjttíð. ESB L 381, 13.11.2020, bls. 4).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2020/1694, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 20. mars 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 19. mars 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 381, 13.11.2020, bls. 4.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.